

Nd.

522. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 3. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi í þingbyrjun, í annarri viku októbermánaðar.

Í frumvarpinu sagði að ný útvarpslög skyldu öðlast gildi 1. nóvember 1984. Voru Alþingi þannig ætlaðar röskar tvær vikur til að ræða og afgreiða þetta margslungna og flókna mál. Munu slík vinnubrögð af hálfu ráðherra nánast einsdæmi. Öllum var auðvitað ljóst að þessi dagsetning, þetta skamma ráðrúm, dugði hvergi nærri til þess að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun á Alþingi. Er það raunar skoðun þriðja minni hl. menntamálanefndar að þetta mál sé þess eðlis að með öllu sé óverjandi að hraða því svo sem virðist eiga að gera og mörg atriði þyrfti að ræða og fjalla frekar um en tími hefur unnist til. Má þar sem dæmi nefna að meiri hl. nefndarinnar viðurkennir að núverandi innheimtufyrirkomulag afnotagjalda Ríkisútvarpsins sé ekki lengur nothæft, þó flytur meiri hl. engar breytingartillögur við þann kafla frumvarpsins er fjallar um innheimtu afnotagjalda en boðar slíka tillögugerð á síðari stigum málsins.

Þriðji minni hl. nefndarinnar telur að frumvarpi ríkisstjórnarinnar, eins og það var lagt fram, sé í mörgu ábótavant enda er komið á þriðja ár síðan frumvarpið var samið og margt hefur síðan breyst. Fjölmargir aðilar hafa sent menntamálanefnd umsagnir og ábendingar og margt athyglisvert hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið en fæst af þessu hefur meiri hl. nefndarinnar getað fallist á að gera breytingartillögur um.

Það er skoðun þingmanna Alþýðuflokksins að allveigamiklar breytingar þurfi að gera á frumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem það sé í ýmsum atriðum gallað og enn fremur sé rétt að koma til móts við fjölmargar skynsamlegar ábendingar sem er að finna í umsögnum er nefndinni hafa borist.

Þriðji minni hl. gerir tillögu um breytta kaflaskiptingu í frumvarpinu og telur hana eðlilegri og skýrari en þá kaflaskiptingu sem er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt breytingartillögum þriðja minni hl. nefndarinnar skal kaflaskipting frumvarpsins vera sem hér segir:

- | | |
|------------|---|
| I. KAFLI | Réttur til útvarps. |
| II. KAFLI | Ríkisútvarpið. |
| III. KAFLI | Staðbundið útvarp. |
| IV. KAFLI | Útvarpsréttarnefnd og útvarpsfélög. |
| V. KAFLI | Endurvarp og dreifing dagskrárefnis frá innlendum og erlendum sendistöðvum. |
| VI. KAFLI | Ábyrgð á útvarpsefni. |
| VII. KAFLI | Ýmis ákvæði. |

Breytingartillögur þriðja minni hl. er að finna á sérstöku þingskjali en í þessu nefndaráliti skal þó stuttlega getið nokkurra meginatriða og helstu nýmæla en nánari grein verður gerð fyrir öllum breytingartillögum í framsögu við 2. umr. um frumvarpið.

● Lagt er til að inn í frumvarpið komi nýtt ákvæði um boðveitur sveitarfélaga. Ábendingar um það efni hafa borist bæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Boðveitur á vegum sveitarfélaga eru ýmist þegar staðreynd eða í uppbyggingu í mörgum af grannlöndum okkar. Um slíkar veitur er flutt efni af mörgu tagi, og má þar til nefna: hljóðvarpsdagskrár, sjónvarpsdagskrár, skjárit

(videotex). Enn fremur eru slíkar boðveitur notaðar til að flytja tölvuboð. Boðveitur eru því bæði notaðar til fjölmiðlunar og til einstaklingsbundinnar boðmiðlunar í formi tölvuboðmerkja. Upphaflega voru þessar boðveitur háðar þráðum, þær voru kapalkerfi. Tilkoma glertrefjabráða, sem nú standast alveg samkeppni við venjulega kapla hvað verð áhrærir, hefur valdið byltingu á þessu sviði og önnur nýtilkomin nýjung mun einnig valda miklum breytingum á þessu sviði. Sú nýjung er að komið er fram á sjónarsviðið þráðlaust kerfi þar sem nota má um 12 sm bylgjulengd og hægt er að flytja margar rásir samtímis á afmörkuðu svæði fyrir tiltölulega lágt verð.

Gert er ráð fyrir að boðveitur lúti hver um sig sérstakri stjórn sem eingöngu sjái um rekstur hennar en hafi ekkert með dagskrárgerð að gera eða útsendingu efnis. Að mati þriðja minni hl. er hér um meginatriði að ræða, nefnilega að glögg skil séu gerð milli annars vegar dreifikerfisins og hins vegar þess aðila sem leggur til innihaldið, þ. e. dagskrána. Fjölmargir aðilar, útvarpsfélög og einstaklingar, eiga þannig aðgang að einu sendikerfi sem er undir stjórn annars aðila. Allir, sem uppfylla sett skilyrði, eiga aðgang að boðveitunni. Þetta fyrirkomulag þýðir að boðveitan er í rauninni öllum opin. Hún er það sem á ensku er nefnt "common carrier".

Ekki er gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem senda út efni í boðveitukerfi, geti aflað sér tekna með auglýsingum þar sem þeir eiga auðvelt með að innheimta afnotagjöld.

Ákvæðin um boðveitur sveitarfélaga eiga að tryggja að öllum almenningi nýtist kostir hinnar nýju fjölmiðlunartækni. Þau eiga að tryggja að ekki taki einokun einkaaðila við af einokun Ríkisútvarpsins og þau eiga að tryggja að ekki aðeins fjölgi þeim aðilum sem fást við útvarps- og sjónvarpsrekstur heldur aukist raunveruleg fjölbreytni að því er varðar dagskrárefni og áhorfendur og hlustendur hafi raunverulegt val. Tjáningarfrelsi eykst með þessu fyrirkomulagi og lýðræði fær betur notið sín.

● Því er slegið föstu í tillögum þriðja minni hl. að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútlit en ábendingar um þetta efni bárust m. a. frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins.

Upplýsingaþjóðfélagið er nú að leysa iðnaðarþjóðfélagið af hólmi og nám og menntun er ekki og verður ekki bundið við hið hefðbundna skólakerfi og endurmenntun á miðjum aldri eða efri árum kemur til með að verða regla á næstu árum. Þá er þess að geta að í skólabænum Akureyri er mikill áhugi á því að hefja tilraunastarfsemi á sviði fræðsluútlits nú á næstunni og nýta í því sambandi þá aðstöðu sem Ríkisútvarpið hefur komið upp á Akureyri.

● Lagt er til að tvær nýjar deildir, fræðsludeild, sbr. hér að ofan, og tæknideild, verði starfræktar við Ríkisútvarpið. Ýmsir munu þeirrar skoðunar að óeðlilegt sé að binda deildaskiptingu stofnana í lög en eigi að síður er þetta lagt til hér til að leggja áherslu á mikilvægi málsins.

● Gerð er tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður til fimm ára í senn. Hömlur eru ekki lagðar á endurráðningu.

● Þá er það nýmæli í tillögum þriðja minni hl. að við Ríkisútvarpið starfi sérstakt starfsmannaráð og skal fulltrúi þess eiga sæti á fundum útvarpsráðs. Skal starfsmannaráðið vera ráðgefandi um málefni stofnunarinnar.

● Lagt er til að núverandi fyrirkomulagi á innheimtu afnotagjalda verði gjörbreytt. Nefskattur tekinn upp í stað afnotagjalds. Eftir að heimilað var að skrá fleiri en eitt sjónvarpstæki á nafn sama einstaklings hafa ágallar núverandi kerfis komið skýrt í ljós. Kerfið er gloppótt og ónothæft að mati þeirra sem gerst til þekkja. Tillaga þriðja minni hl. er sú að allir Íslendingar á aldrinum 20—70 ára, sem ekki eru sérstaklega undanþegnir, greiði útvarpsgjald enda njóta allir landsmenn þjónustu útvarpsins hvort sem þeir eru skráðir útvarpsnotendur eður ei. Þá mun það einnig hafa mjög verulegan sparnað í för með sér að

leggja niður núverandi innheimtukerfi. Margoft hafa verið gerðar tillögur um breytingar í þessum efnum en þær hafa hingað til ekki náð fram að ganga.

● Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður en fjallað verði um fjárfestingar Ríkisútvarpsins á Alþingi á sama hátt og þar er fjallað um almennan rekstur þess.

● Sérstakur kafli fjallar um staðbundið útvarp. Þar er í fyrsta lagi fjallað um útvarp er fram fer um boðveitur sveitarfélaga. Er þar gerður greinarmunur á útvarpi sem er óreglubundið og getur átt sér stað á vegum ýmissa aðila og hins vegar reglubundnu útvarpi á vegum viðurkenndra útvarpsfélaga sem afli sér tekna með afnotagiöldum. Í þriðja lagi er svo um að ræða reglubundið, staðbundið hljóðvarp sem útvarpsfélag rekur, sendir út efnið frá eigin sendistöð og aflar sér tekna með auglýsingum skv. nánari reglum.

● Ítarleg ákvæði eru um útvarpsréttarnefnd, verksvið hennar og skipan. Þá eru greind skilyrði sem útvarpsfélag þarf að uppfylla til að hljóta viðurkenningu. Meðal þeirra eru:

- Félagið er skráð skv. ákvæðum hlutafélagalaga.
- Tilgreina skal ábyrgðarmann útsendinga.
- Setja skal fjártryggingu vegna ábyrgðar á útsendingum.
- Félagið skuldbindi sig til að halda í heiðri almennar grundvallarreglur um lýðræði og tjáningarfrelsi, stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.
- Félagið kosti eitt gerð þeirrar dagskrár sem það sendir út og a. m. k. helmingur dagskrár sé byggður á innlendu efni.
- Upptökur af öllu útsendu efni verði geymdar í sex mánuði.
- Félagið skuldbindi sig að hlíta úrskurðum útvarpsréttarnefndar og geri henni grein fyrir almennri dagskrárstefnu sinni.
- Félagið skuldbindi sig til að rjúfa dagskrá til að koma á framfæri tilkynningum er varða almannaheill og öryggi.

● Sérstakur kafli tillagna þriðja minni hl. fjallar um endurvarp og dreifingu dagskrár-efnis frá innlendum og erlendum stöðvum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða móttöku eða sendingu efnis um gervihnött milli fastra stöðva. Í öðru lagi móttöku og dreifingu á dagskrám innlendra útvarpsfélaga þar sem gert er ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd þurfi að samþykkja samtengingu staðbundinna stöðva. Í þriðja lagi er svo um að ræða móttöku og dreifingu á dagskrá sem send er um gervihnetti gagnert til beinnar móttöku hjá almenningi en bylting er fram undan í þeim efnum og munu Íslendingar eiga þar margra kosta vól áður en langt um líður. Enda þótt norrænt sjónvarpssamstarf í þessum efnum virðist um sinn hafa steytt á skeri getum við átt von á að geta horft á útsendingar með völdu efni frá ýmsum löndum á svonefndri Evrópurás áður en langt um líður.

● Ljóst er að gera þarf breytingar á fjarskiptalögum með breyttum útvarpslögum. Þriðji minni hl. telur að ný útvarpslög geti tekið gildi 1. desember 1985 hið fyrsta. Tæknilegur undirbúningur að útsendingum og dagskrárgerð fyrir staðbundnar útvarpsstöðvar hljóti að taka nokkurn tíma og edlilegt sé að gefa íslenskum fyrirtækjum, er framleiða rafeindatæki, tíma til aðlögunar þannig að þau eigi nokkra möguleika á að keppa við erlend fyrirtæki um gerð búnaðar fyrir útvarpsstöðvar.

Alþingi, 21. febr. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson,
fundaskr.